

sem samskonar forgangsréttarákvæði voru í gildi vorið 1948, eða áður, og þau, sem greinir í 1. gr. samnings aðilja á rskj. 3.

Því úrskurðast:

Framangreindra gagna og upplýsinga sé aflað svo fljótt sem unnt er.

Fimmtudaginn 20. október 1949.

Nr. 16/1949. **Alþýðusamband Íslands f. h.**

Verklýðsfélags Stykkishólms

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

Útvegsmannafélagi Stykkishólms

(Björgvin Sigurðsson hdl.).

**Varadómendur Benedikt Sigurjónsson
og Þorsteinn Pétursson í stað Ísleifs
Árnasonar og Ragnars Ólafssonar.**

Kröfu um frávísun máls hrundið.

Úrskurður.

Mál þetta er höfðað af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Stykkishólms gegn Útvegsmannafélagi Stykkishólms með stefnu, dags. 6. f. m. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að félagsmönnum stefnda sé skylt að greiða hlutarsjómönn-um kr. 0,55 fyrir hvert kg. af óslægðum þorski vetrarvertíð-ina 1949. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi hefur aðallega krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara að hann verði algerlega sýknaður. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málflutningur hefur farið fram um frávísunarkröfuna og verður hún tekin hér sérstaklega til athugunar.

Tildrög máls þessa eru þau, að í 9. gr. kjarasamnings, sem málsaðiljar undirrituðu 2. febr. þ. á., er svo um samið, að verð

á óslægðum þorski skuli vera kr. 0,53 hvert kg. En þann 9. s. m., eða viku eftir að nefndur samningur var gerður, gaf sjávarútvegsmálaráðuneytið, samkvæmt heimild í I. kafla laga nr. 100/1948, út auglýsingu um lágmarksverð á fiski, og er í auglýsingu þessari mælt svo, að verð á óslægðum þorski skuli vera kr. 0,55 hvert kg. Stefnandi telur, að eftir að nefnd auglýsing kom út hafi fiskverðið samkvæmt 9. gr. nefnds kjarasamnings átt að hækka í kr. 0,55 hvert kg., og er stefndi vildi ekki á það fallast fyrir hönd félagsmanna sinna, höfðaði stefnandi mál þetta.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því, að þar sem skylda stefnda til greiðslu á kr. 0,55 fyrir hvert kg. verði ekki leidd af framangreindum kjarasamningi, sé um það eitt að ræða í máli þessu, hvernig skilja beri lög nr. 100 frá 19. des. 1948, en Félagsdómur geti ekki um það atriði dæmt.

Stefnandi hefur mótmælt frávísunarkröfu stefnda, en samkvæmt málsútlistun hans fyrir dóminum byggir hann dómkröfur sínar m. a. á því, að frammannefnda 9. gr. í kjarasamningi málsaðilja frá 2. febrúar þ. á. beri að skilja svo, að með henni hafi verið samið um það, að í viðskiptum aðilja skyldi um verð á þorski farið eftir því lágmarksverði, er síðar kynni að verða sett.

Af framangreindum málflutningi aðilja er ljóst, að í máli þessu er að ræða um ágreining út af skilningi í kjarasamningi, en samkvæmt 44. gr. laga nr. 80 frá 1938 skal Félagsdómur dæma í slíkum málum.

Frávísunarkrafa stefnda verður því ekki tekin til greina.

Kveðið verður á um málskostnað, er málið verður dæmt að efni til.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina.